

➤ **Sprettur þá fram hliðarsjálfr Nicks, töfvarinn Francois Dillinger, harður nagli 37**



Ljósmyndari Ansel Adams.

## Málþing Sjálfsmynd og ímynd Reykjavíkur

Laugardaginn 5. júní næstkomandi, verður haldið málþing í Þjóðmenningarhúsi um sjálfsmynd og ímynd Reykjavíkurborgar. Málþingið er haldið á vegum ReykjavíkurAkademíunnar og INOR. Þar munu sagnfræðingar, arkitektar og grafískir hönnuðir stíga á svið og í bland við hefðbundna fyrirlestra verður dagskráin brotin upp með tónlist og myndgerningum. Málþingið ber yfirskriftina *Horft á Reykjavík*, en nánari dagskrá þess verður tilkynnt síðar. Heimasiða ReykjavíkurAkademíunnar er [www.akademia.is](http://www.akademia.is).



Reykjavík

## Bækur Skvísuskruddan Makalaus

Út er komin skvísuskruddan *Makalaus*, eftir gellublogg-arann Þorbjörgu Marinósdóttur. Skvísuskrudda er íslensk þýðing á *chick-lit*, en að sögn höfundar er þetta fyrsta íslenska bókinn sem fellur í það bókmenntaform. Aðalsöguhetjan er ung og einhleyp stúlka í Reykjavík og vinkonur hennar en viðfangsefnið er líf einhleypingsins og stefnumótamenning landans. Bókin er í dagbókarformi og hefst hver færsla á Facebook-stöðu söguhetjunnar. Aftast í bókinni má finna uppskriftir að t.d. þeim kokteilum og andlitsmóskum sem koma við sögu í bókinni. JPV gefur út.



Bókakápan

## Tónlist Sjómannaalaga-keppni Rásar 2

Nú hefur dómnefnd valið 7 lög sem munu keppa til úrslita í Sjómannaalaga-keppni Rásar 2 og Hátíðar hafsins árið 2010. Næstu viku, 31. maí-4. júní, verða lögin sjö spiluð frá morgni til kvölds á Rás 2 og einnig verður hægt að hlusta á lögin á vefnum, [ruv.is/poppland](http://ruv.is/poppland). Á vefnum geta hlustendur síðan kosið sitt uppáhaldslag, en kosningin stendur til kl. 15 hinn 4. júní. Sagt verður frá úrslitum í þættinum Popp-landi og verður sigurlagið flutt á Hátíð hafsins í Grandagarði. Sigurvegarar fyrri ára eru Skapti Ólafsson og Sniglabandið, Raggi Bjarna og Ljótu hálfvitarnir.



Fiskibátur

## Polaroid á uppboði

Sotheby's selur safn Polaroid fyrirtækisins

Fyrirtækið Polaroid var tekið til gjaldþrotaskipta í desember árið 2008 eftir að hafa farið illa út úr vafasömum fjármálagjörningum móðurfyrirtækis síns. Í febrúar á sama ári hafði það tilkynnt að framleiðslu á hinni klassísku Polaroid-myndavél yrði hætt vegna gríðarlegra vinsælda stafrænna myndavéla sem höfðu gjórsamlega yfirtekið markaðinn.

Pegar fyrirtækið fór á höfuðið fengu skiptastjórar yfirráð yfir ljósmyndasafni þess sem geymt var í vöruskemmu í Massachussets, en um 1200 myndir úr safninu munu verða til sýnis hjá Sotheby's frá og með mánaðamótum og verða síðan boðnar upp 20. og 21. júní næstkomandi.

Meðal þeirra verka sem verða til sýnis og sölu, eru myndir eftir listamennina Ansel Adams, David Hockney og Walker Evans. Nokkrar deilur hafa verið um eignaréttinn á safninu og vilja einhverjir ljósmyndarar meina að Polaroid-fyrirtækið hafi alls ekki átt myndirnar, en þar sem engum þeirra hef- ur tekist að sýna fram á það hyggst uppboðshaldarinn Sotheby's halda fast við áætlanir sínar um að setja myndirnar á uppboð.

Safnið er metið á að minnsta kosti 12 milljónir bandaríkjadollara.



# Hugsun og tónlist

● Tíðarandi á Íslandi á 18. öld og evrópsk tónlist ● Kammerhópurinn Nordic Affect og Guðni Tómasson í Þjóðmenningarhúsinu ● Verið að fanga ákveðna hugsun

Eftir Kolbrúnu Bergþórsdóttur  
[kolbrun@mbl.is](mailto:kolbrun@mbl.is)

„Við leitum í ýmsar áttir í þessari dagskrá þar sem við tengjum saman tíðarandann á Íslandi á 18. öld og evrópska tónlist frá sama tíma,“ segir Guðni Tómasson, sagnfræðingur og útvarpsmaður, sem kemur fram með kammerhópnum Nordic Affect í Þjóðmenningarhúsinu miðvikudaginn 2. júní klukkan 20. Dagskráin ber yfirskriftina *Frá hliðum helvítis til hirða Evrópu – tónlist og bókmenntir 18. aldar*. Nordic Affect sér um tónlistarflutning og flytur meðal annars verk eftir Corelli, Scarlatti og Telemann. Flytjendur eru Halla Steinunn Stefánsdóttir, Georgia Browne, Hanna Loftsdóttir, Guðrún Hrunn Harðardóttir og Guðrún Óskarsdóttir. Guðni les texta úr verkum frá 18. öld, sem þekkt voru hér á landi, bæði frumsömdum og þýddum.

### Leitað í ýmsar áttir

„Við höfum leitað í ýmsar áttir,“ segir Guðni. „Ég mun til dæmis lesa úr Vídalínspostillu en á þessum tíma var víða í bæjum landsins lesið upp úr henni í viku hverri. Ég les líka upp úr Ferðabók Eggerts og Bjarna og brot úr kennslubók fyrir yfirsetukonur sem var þýdd á íslensku á þessum tíma. Á einum stað er farið í Alþingisbækur og hugað að sakamannalýsingum. Þar eru lögmenn að lýsa eftir brottlaupnum sakamönnum og lýsingarnar á þeim standast samanburð á mannlýsingum í Íslendingasögum.“

Einn texti hefur vakið sérstaka athygli mína, sem er Eftirmæli 18. aldar eftir Magnús Stephensen. Magnús leggur, upp úr aldamótunum 1800, mat á það hvornig 18. öldin var. Hann er með eigin framfaramælikvarða á það hvort landsins synir hafi tekið andlegum þroska og svar hans er jákvætt. Á Íslandi voru menn hægt og rólega að safna fróðleik og þekkingu til að átta sig á því í hvornig heimi þeir lifðu. Í þessari dagskrá sem við flytjum í Þjóðmenningarhúsinu er verið að fanga ákveðna hugsun sem var í gangi hér á landi á 18. öld um leið og evrópsk tónskáld eru að semja tónlist sína. Við erum að búa til tengingar þarna á milli en leyfum um leið hlustendum að lesa í þær og skynja á eigin hátt.“



Morgunblaðið/Jón Svavarsson

Guðni Tómasson „Í þessari dagskrá er verið að fanga ákveðna hugsun sem var í gangi hér á landi á 18. öld um leið og evrópsk tónskáld eru að semja tónlist sína.“

## Kammerhópur og listsagnfræðingur

Kammerhópurinn Nordic Affect var stofnaður árið 2005 með það að markmiði að miðla ríkidæmi tónlistar 17. og 18. aldar og flytja samtímatónlist. Meðlimir hópsins eiga allir að baki nám í sagnfræðilegum hljóðfærflutningi og koma reglulega fram víða um Evrópu. Nordic Affect hefur meðal annars hljóðritað fyrir Ríkisútvarpið og Samband evrópskra útvarpsstöðva. Meðal verkefna

næstu mánaða eru tónleikar á Barokktónlistarhátíðinni í Vantaa í Finnlandi og útgáfa á nýjum geisladiski með verkum eftir Abel.

Guðni Tómasson er listsagnfræðingur og dagskrárgerðarmaður á Rás 1 þar sem hann starfar við þáttinn *Víðsjá*, auk þess að hafa umsjón með ýmsum dagskrárlíðum rásarinnar. Hann hefur ritað og fjallað um menningu og listir á Íslandi á undanförunum árum.

# Íslenskur veruleiki

MYNDLIST  
RAGNA  
SIGURDARDÓTTIR



Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús  
Í safni Ófullkomleikans 1939-2010,  
Unnar Örn  
★★★★☆

Til 29. ágúst. Listasafn Reykjavíkur er opið alla daga frá kl. 10-17 og til kl. 22 á fimmtudögum.

Unnar Örn hefur markað sér sérstöðu meðal íslenskra myndlistarmanna. List hans felst ekki í því að skapa nýja hluti, ekki beint, heldur í því að vinna með fundna muni. Engu að síður er hver sýning sköpunarverk listamannsins nýr heimur.

Unnar sýnir í súlnasalnum á jarðhæðinni í Hafnarhúsinu við

Tryggvagötu, salnum sem er eins konar prófraun á alla þá sem þar sýna og listamenn hafa umbylt á ýmsa vegu. Nú er búið að loka fyrir hefðbundna inngönguleið og opna þess í stað dyrnar innan úr portinu, þannig að gengið er inn aftarlega í salnum. Þetta er ágætt trix sem stöku sínum er notað og brýtur upp hefðbundinn rúntinn í salnum.

Pegar inn er komið mætir manni risastórt bómullartjald sem undirstríkar sviðsmyndaeiginleika sýningarinnar og minnir rækilega á að öll framsetning er einhvers konar tilbúningur, sköpun, oft ímyndarsköpun. Ég er ekki viss um að tjaldidió sé sýningunni nauðsynlegt, að mínu mati komast skilaboð Unnars og áminning um að hvað miklu leyti framsetning veruleikans er háð stað og stund, vel til skila án þess.

Viðfangsefni Unnars er söfn, hvers konar söfn í rauninni, einkasöfn, opinber söfn og ímyndarsköpun sú sem stöðugt á sér stað á

öllum tímum. Unnar fetar í fótspor góðra manna í list sinni. Afi allra þeirra listamanna sem gera framsetningu listarinnar að þema í verkum sínum er líklega Marcel Duchamp, en yndislegur arftaki hans var nafni hans, falletti Belginn Marcel Broodthaers sem breytti hluta heimilis síns í Brussel í ímyndað listasafn, *Musée d'Art Moderne, Département des Aigles* á heimili sínu í Brussel. Í Broodthaers mættust brjálúð rómantik níttjándu aldarinnar og áhrif pop-listar þeirrar tuttugustu á einstakan hátt og áhrif hans eru víðtæk. Broodthaers felldi alla list sína inn í þennan ímyndaða ramma, og í list Unnars má sjá svipaða tilhneigingu, þar sem hver sýning eins og tekur við af annarri eins og hluti af stærri heild.

Á sýninguna í Hafnarhúsinu velur Unnar muni af aðáunarverðri kostgæfni, þar sem sjónrænir þættir eiga í góðu samspili við innihald. Stólar úr gömlu setti frá RÚV, sér-



Morgunblaðið/Kristinn

Sérstaða Frá sýningunni Safn Ófullkomleikans í Hafnarhúsinu.

smíðaðir sýningarkassar af hendi Sveins Kjarval, módel af húsum sem aldrei voru byggð, íslenskur vefnaður og einkasafn ljósmynda, allt þetta er rammað inn af tveimur heimssýningum, þeirri fyrstu sem Ísland tók þátt í árið 1939 og heimsýningunni í ár í Shanghai. Í öllum þessum munum birtist sterkur tíðarandi og breytt viðhorf koma sérstaklega vel fram í kvímyndum frá heimssýningunum tveimur.

Sýning Unnars er innihaldsrík og vönduð í alla staði, sýningararkrú er eigulegur bæklingur með úrváls textum, m.a. skemmtilegum kafla eftir Oddnýju Eir Ævarsdóttur um einkasöfn. Hér gengur allt upp, engir lausir endar en kannski hefðu að ósekju mátt vera nokkrir slíkir. Sýningin er engu að síður upplifun, eins og gengið sé inn í annan heim sem þó er okkar eigin, forvitnilegur, fallegur og fróðlegur.